

að dómurinn verði staðfestur og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Við fyrstu fyrirtekt málsins í yfirdóminum lét stefndi mæta, fekk frest og málskjölin léð, en við næstu fyrirtekt málsins, að þeim fresti liðnum, mætti stefndi ekki og enginn af hans hendi. Áfrýjandi mætti þá og krafðist dóms í málinu og var málið tekið upp til dóms. Skjöl málsins, er voru í vörslum stefnda, fekk yfirdómurinn frá honum 28. f. m. Stefndi hefir engin andsvör veitt í málinu og verður því að taka kröfur áfrýjanda til greina um staðfesting gestaréttardómsins, en það þykir eigi vera ástæða til þess að dæma stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður. Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 18/1915.

Jón Felixson

gegn

Einari Þorgilssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af stefnda, Einari kaupmanni Þorgilssyni, gegn áfrýjanda, Jóni bónda Felixsyni, út af verzlunarskuld, og var því ráðið til lykta með gestaréttardómi Hafnarfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 2. febr. þ. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda 32 kr. 55 aura með 6% vöxtum frá 27. okt. f. á. og 6 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Jón Felixson skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 5. marz þ. á., og hefir hann fengið gjafsókn til áfrýjunarinnar. Gjörir hann þær réttarkröfur fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnda, og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu fyrir yfirdómi, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál. Af sinni hálfu hefir stefndi, Einar Þorgilsson kaupmaður, krafist þess í málinu, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati yfirdómsins.

Samkvæmt verzlunarreikningi stefnda til áfrýjanda, er virðist vera útgefinn 15. sept. 1911, telur stefndi áfrýjanda skulda sér 40 kr. 55 aura. Áfrýjandi taldi reikninginn rangan í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi telur hann að mjólk, er hann seldi stefnda og færð er honum tekjumegin í reikningnum, sé vantalín um 124 potta, og í öðru lagi telur hann verð hvers mjólkurpotts sett 2 aurum of lágt í reikningnum, þareð verð mjólkurpottsins er sett 16 aurar, en áfrýjandi vill fá 18 aura fyrir pottinn. Að því er fyrra atriðið snertir, hafði áfrýjandi átt tal um það

við stefnda, skömmu eftir að hann fekk reikninginn og bætti stefndi honum þá upp mjólkurreikninginn með 8 kr., andvirði 50 potta á 16 auro. Kemur þá fram dómaskuldin 32 kr. 55 aur. Afrýjandi hefir nú eigi sannað það að hann hafi flutt meiri mjólk til stefnda en af honum er viðurkent, og er það engin sönnun í því efni, þó það megi teljast viðurkent, að hann hafi flutt mjólkina daglega á 10 potta brúsum, því að eigi er sannað að brúsarnir hafi jafnan verið fullir, enda segir stefndi að hið gagnstæða hafi jafnaðarlega átt sér stað, og hinsvegar er dagatalan ekki heldur ábyggilega sönnuð. Um hitt atriðið, mjólkurverðið, virðist eigi hafa verið öðruvísi samið milli málsaðila, en að áfrýjandi skyldi fá það verð, sem venjulegt væri í Hafnarfirði, en nú virðist það sannað, að venjulegt innkaupsverð mjólkur í Hafnarfirði hafi verið 16 auro á pottinum á þeim tíma, er viðskifti málsaðila áttu sér stað. Kröfur áfrýjanda í málinu, sem eingöngu eru rökstuddar með ofangreindum vefengingum á verzlunarreikningnum, eiga því ekki við rök að styðjast, og þar sem þær að engu leyti verða teknar til greina, ber að staðfesta gestaréttardóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum kemst áfrýjandi eigi hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn, vottast, að málfærslan hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. —

Afrýjandi, Jón Felixson, greiði stefnda, Einari Þorgilssyni, 15 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlí 1915.

Nr. 48/1914.

Garðar Gíslason fyrir hönd
verzlunarinnar »Dagsbrún«
gegn

Sveini Björnssyni
f. h. J. Goldstein & Sön.

D ó m u r :

Afrýjandi þessa máls, Garðar Gíslason kaupm. fyrir hönd verzlunarinnar »Dagsbrún«, var með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. júní f. á. dæmdur til að greiða stefnda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, fyrir hönd Goldstein & Sön í Kaupmannahöfn 225 kr. 30 aur. fyrir vörur með 5% ársvöxtum frá 1. sept. 1913 til borgunardags, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir afrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóv. f. á. og krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir undirréttinum verði teknar til